

Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um rannsóknir á útbreiðslu krabba, beitukóns og öðuskeljar við Ísland.

Frá Adolf H. Berndsen.

1. Eru fyrirhugaðar rannsóknir á útbreiðslu og veiðanleika trjónukrabba, beitukóns, öðuskeljar og fleiri krabba og skeldýra hér við land?
2. Er hugsanlegt að slíkum rannsóknum verði flýtt í ljósi erfiðrar stöðu rækjuveiða víða á innfjarðamiðum?
3. Liggja fyrir athuganir á hvernig best megi nýta fyrrgreindar tegundir ef þær eru í veiðanlegu magni við strendur Íslands?
4. Hefur verið kannað hvaða umhverfiskröfur eru gerðar til að þessar tegundir megi nota til manneldis ef þær eru veiddar?

Skriflegt svar óskast.